

Reykjavík 6. október 2020

## **Greinargerð með ályktun stjórnar Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík (MHR) vegna samkeppni um útilistaverk í vesturbæ Reykjavíkur.**

Fyrr á þessu ári stóð Reykjavíkurborg fyrir samkeppni um nýtt útilistaverk fyrir vesturbæ Reykjavíkur. Listasafn Reykjavíkur var framkvæmdaraðili samkeppninnar og Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM) hafði eftirlitshlutverk með framkvæmdinni. Í öllum auglýsingum og kynningarefni um samkeppnina var fullyrt að samkeppnisreglum SÍM yrði fylgt.

Í 3. grein samkeppnisreglum SÍM segir um tilhögun samkeppni.

***...Almenn samkeppni er opin öllum myndlistarmönnum sbr. 4 gr...***

Í auglýsingu frá Listasafni Reykjavíkur, sem eins og áður sagði var framkvæmdaraðili samkeppninar, sagði hinsvegar.

***“Um samkeppnina gilda samkeppnisreglur Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM). Þátttaka í samkeppninni er opin öllum skapandi einstaklingum og hópum...”***

Starfsheitið myndlistarmaður er ekki verndað starfsheiti en þýðir það að hver sem er geti kallað sig myndlistarmann? Skilgreiningin vefst ekki fyrir neinum í öðru faglegu samhengi eins og við úthlutun listamannalauna, við úthlutanir styrkja úr Myndlistarsjóði, ráðningar til kennslu í myndlist á efri stigum, osfv. Þar skiptir nám og starferill innan fagsins öllu máli. Ríkið styður einnig myndlistarmenntun á framhalds og háskólastigi bæði BA og MA og nú eru nokkrir íslenskir myndlistarmenn líka með doktorsgráðu í myndlist. Þá hefur Reykjavíkurborg alla tíð verið helsti bakhjarl Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík en á verkstæðum félagsins er sköpuð list sem ma. er sýnd á listasöfnum borgarinnar.

Enginn í hópi vinningshafa samkeppninnar telst myndlistarmaður. Þann hóp skipuðu tveir arkitektar og einn rithöfundur. Því er ljóst að samkeppnisreglum SIM var ekki fylgt þrátt fyrir gefnar fullyrðingar þar um. Þá er einnig ljóst að Samband Íslenskra myndlistarmanna brást eftirlitshlutverki sínu og hefur formlega beðist afsökunar á því í bréfi til MHR.

Í bréfinur segir ma. *“Rétt er að taka fram að Reykjavíkurborg gerði sterka kröfu um að þessi samkeppni væri opin öllum, ekki eingöngu félögum SÍM eða einungis myndlistarmönnum. Einnig er vert að nefna að stjórn SÍM fékk afar stuttan fyrirvara til að lesa yfir samkeppnislýsinguna. Þarna hefði SÍM þurft að grípa í taumana og vernda þannig stöðu myndlistarmanna. Því miður er staðan sú að opinberir aðilar hafa ítrekað reynt að sveigja samkeppnisreglur SÍM.”*

Samkeppni um myndlistarverk fyrir opinber rými og stofnanir eru verkefni sem sjaldan bjóðast íslenskum myndlistarmönnum og það er risastórt hagsmunamál greinarinnar að opinberir aðilar virði menntun, reynslu og sérþekkingu myndlistarmanna.

Stjórn Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík.

Samkeppnisreglur SIM

<https://sim.is/um-sim/reglur-sim/samkeppnisreglur-sim/>

Auglýsing Reykjavíkurborgar

<https://reykjavik.is/samkeppni-um-listaverk-i-almannarymi-i-vesturbae>

Auglýsing Listasafns Reykjavíkur

<https://listasafnreykjavikur.is/frettir/ibuar-vilja-audga-mannlifid-samkeppni-um-utlistaverk-i-vesturbae-reykjavikur>